

Hvolsskóli

Svava Björk Helgadóttir

formaður -

Ólafur Elí Magnússon

Pálína Björk Jónsdóttir

S. Maren Guðmundsdóttir

og Tinna Erlingsdóttir

SJÁLFSMATSSKÝRSLA

Skólaárið 2014-2015

Tilgangur mats á skólastarfi er hluti af viðleitni skóla og skólayfirvalda til að skapa frjóar námsaðstæður og hjálpa nemendum og kennurum að ná árangri í starfi sínu. Mikilvægasta gæðaeftirlitið fer fram í skólanum sjálfum því innra mat og úrvinnsla þess er grundvöllur umbóta í skólastarfi.

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Sjálfsmatsáætlun skólaársins 2014-2017.....	2
1. Matstæki, viðmið, niðurstöður og leiðir til úrbóta.....	4
1.1. Mat nemenda á aðbúnaði og líðan í skólanum. 6., 8., og 10. bekkur	4
1.2. Mat nemenda á aðbúnaði og líðan í skólanum. 2. og 4. bekkur	7
1.3. Mat foreldra í 1., 3., 5., 7. og 9. bekk á líðan barna sinna	8
1.4. Starfsmannakönnun, líðan, starfsaðstaða, samstarf o.fl.....	10
2. Samræmd könnunarpróf haustið 2014.....	14
3. Skipulag kennslu á miðstigi.....	17
Stundatafla.....	18
Kennsluáætlanir.....	18
Námsver	18
Undirbúningur kennslunnar.....	19
Kennsluhættir	19
Námsmat.....	19
Náms- og kennslugögn.....	19
Agastjórnun	20
Samstarf við foreldra.....	20
Kennslurými	20
Próunarstarf	20
Hvar liggja tækifærin?.....	21
3. Samstarf leik- og grunnskóla.....	21
4. Uppgjörsg dagar að vori 2015	22
Starfið í vetur.....	22
Hvernig við getum aukið metnað í starfi hjá börnum og fullorðnum.....	23
Félagsleg staða nemenda frá sjónarhóli kennara og starfsfólks	23
Hvernig viðhalda á neistanum og þjappa hópnum betur saman	24
5. Úrbótaáætlun	24
Úrbætur unnar á skólaárinu 2014-2015.....	25
Úrbótaáætlun 2015-2016.....	27
Að lokum.....	29

Inngangur

Sjálfsmatshópur Hvolsskóla skólaárið 2014 – 2015 var skipaður Svövu Björk Helgadóttur formanni hópsins, Pálinu Björk Jónsdóttur, Ólafi Elí Magnússyni, Tinnu Erlingsdóttur og Sigurlaugu Maren Guðmundsdóttur. Fundað var eftir þörfum og gekk samstarf hópsins vel. Studdist hópurinn við skýrslur fyrri ára og ágætlega gekk að fylgja eftir þeirri áætlun sem gerð var fyrir þetta skólaár.

Leitast er við að skipuleggja matið á þann hátt að allir þættir skólastarfsins verði metnir, annað hvort árlega eða með tveggja til þriggja ára millibili. Þegar spurningalistar hafa verið lagðir fyrir fær sjálfsmatshópurinn oft ábendingar um það sem betur má fara og í flestum tilfellum nýtti Sjálfsmatshópurinn sér betrumbætta spurningalista frá fyrra ári. Í ár voru spurningarnar dýpkaðar þar sem þörf þótti á að rýna betur í einstök atriði. Tvær kannanir voru framkvæmdar í rýnihópum en það voru; skipulag náms á miðstigi og uppgjör á skólastarfi á vordögum.

Samkvæmt aðalnámskrá er mikilvægt að skólastarf sé metið reglulega og m.a. gengið úr skugga um að það uppfylli ramma laga og reglugerða. Einnig er gerð krafa til skólayfirvalda að aðferðir og niðurstöður mats á skólastarfi séu opinberar og öllum aðgengilegar.

Tilgangur mats á skólastarfi er hluti af viðleitni skóla og skólayfirvalda til að skapa frjóar námsaðstæður og hjálpa nemendum og kennurum að ná árangri í starfi sínu.

Mikilvægasta gæðaeftirlitið fer fram í skólanum sjálfum því innra mat og úrvinnsla þess er grundvöllur skólaumbóta. Skólaráði var boðið að koma á uppgjörsdaga og taka þátt í umræðum með starfsfólki skólans og uppgjöri á skólastarfinu. Sjálfsmatsskýrslan verður kynnt fyrir fræðslunefnd og verður þar að auki sett á heimasíðu skólans en grunngögn sem hún byggir á eru í vörslu formanns.

Tímaáætlun sjálfsmats Hvolsskóla 2014-2017

2014-2015	2015-2016	2016-2017	tími
Tengslakönnun, í sambandi við aðgerðaráætlun gegn einelti	Tengslakönnun, í sambandi við aðgerðaráætlun gegn einelti	Tengslakönnun, í sambandi við aðgerðaráætlun gegn einelti	sept.
Samræmd próf í 4., 7. og 10. bekk	Samræmd próf í 4., 7. og 10. bekk	Samræmd próf í 4., 7. og 10. bekk	Sept.
Skólanámskrá Hvolsskóla Almennur hluti	Starfsmannahandbók Hvolsskóla	Námsvísar Hvolsskóla	okt.
Skipulag náms á miðstigi, námsmat, sérkennsla o.fl.	Skipulag náms á yngsta stigi, námsmat, sérkennsla o.fl.	Skipulag náms á elsta stigi, námsmat, sérkennsla o.fl.	nóv.
6., 8. og 10. árgangur Mat nemenda á aðbúnaði og líðan í skólanum	6., 8. og 10. árgangur Mat nemenda á aðbúnaði og líðan í skólanum	6., 8. og 10. árgangur Mat nemenda á aðbúnaði og líðan í skólanum	okt.-des.
Könnun í 2. og 4. árgangi mat nemenda á líðan í skóla	Könnun í 2. og 4. árgangi Mat nemenda á líðan í skóla	Könnun í 2. og 4. árgangi mat nemenda á líðan í skóla	jan.
Mat foreldra í oddatölubekkjum á líðan og viðhorfi barna sinna	Mat foreldra í oddatölubekkjum á líðan og viðhorfi barna sinna	Mat foreldra í oddatölubekkjum á líðan og viðhorfi barna sinna	jan.
Starfsmannakönnun Líðan, starfsaðstaða o.fl.	Starfsmannakönnun Líðan, starfsaðstaða o.fl.	Starfsmannakönnun Líðan, starfsaðstaða, o.fl.	jan.
Samstarf við leikskólann	Samstarf við leikskólann	Samstarf við leikskólann	maí
Mat á skólastarfi skólaárið 2014 - 2015	Mat á skólastarfi skólaárið 2015-2016	Mat á skólastarfi skólaárið 2016 – 2017	Uppgjör í maí

Sjálfsmat Hvolsskóla skólaárið 2013-2014 fór að mestu leyti fram eins og áætlun þar um gerði ráð fyrir en tveimur könnunum var bætt við. Annars vegar fór fram könnun meðal nemenda varðandi vinnufrið og hins vegar meðal foreldra fyrstu bekkinga varðandi skólafærninámskeið sem fram fór í fyrsta skipti fyrir þetta skólaár. Niðurstöður þeirra kannanna sem lagðar voru fyrir verða raktar hér á eftir. Þeir þættir sem betur mega fara eru settir í ferli í skólanum þar sem leitast er við að færa þá til betri vegar. Niðurstöður ýmissa kannana hafa nú þegar verið notaðar til umbóta.

Verður hér gerð grein fyrir því helsta varðandi sjálfsmat Hvolsskóla skólaárið 2014-2015.

1. Matstæki, viðmið, niðurstöður og leiðir til úrbóta

1.1. Mat nemenda á aðbúnaði og líðan í skólanum. 6., 8., og 10. bekkur

Könnunin var lögð fyrir í janúar 2015. Þátttakendur voru 73 nemendur í 6. bekk, 8. bekk og 10. bekk sem er 100% þátttaka.

Matstæki: Rafrænn spurningalisti með 30 spurningum unninn af sjálfsmatshópi.

Viðmið: Ásættanlegt er að yfir 80% niðurstaðna séu jákvæðar. Þó ekki spurningar er varða stríðni eða einelti, en slíkt er ekki liðið í Hvolsskóla.

Niðurstöður og leiðir til úrbóta: Fyrri hluti niðurstaðna sýnir jákvæðar niðurstöður en seinni hlutinn neikvæðar niðurstöður og leiðir til úrbóta.

Dæmi um jákvæðar niðurstöður

- ➔ 93% nemenda líður vel/frekar vel í skólanum.
- ➔ 81% nemenda Hvolsskóla koma vel/frekar vel fram við hvern annan.
- ➔ 97% nemenda segja að starfsmenn skólans koma vel fram við sig.
- ➔ 97% nemenda segja að starfsmenn skólans komi vel/frekar vel fram við aðra nemendur.
- ➔ 88% nemenda telja sig alltaf eða oftast geta leitað til starfsmanna skólans ef eitthvað bjátar á.
- ➔ Enginn nemandi segist hafa orðið fyrir einelti í skólanum.
- ➔ 93% nemenda svara því til að þeir standi sig alltaf/frekar oft vel í skólanum.
- ➔ 96% nemenda finnst alltaf/frekar oft mikilvægt að standa sig vel í skólanum.
- ➔ 94% nemenda finnst mikilvægt að ná góðum tókum á lestri.
- ➔ 89% nemenda finnst mikilvægt að hafa góðan lesskilning.
- ➔ 91% barnanna eiga marga eða nokkra vini í skólanum. Sem er hækkun um 5% frá síðasta skólaári.
- ➔ 92% nemenda líður vel eða frekar vel í matsalnum. Sem er hækkun um 6% frá síðasta skólaári.
- ➔ 97% nemenda í akstri líður vel eða frekar vel í skólabílnum.
- ➔ 82% nemenda líður frekar vel eða vel í búningsklefanum í íþróttum. Þó svo að viðmiðum sé náð segja niðurstöður engu að síður að 18% nemenda segja að þeim líði frekar illa/illa í búningsklefanum í íþróttum. Þetta þarf að skoða nánar og finna leiðir til úrbóta.

- ➡ 97% nemenda líður frekar vel eða vel í frímínútum.
- ➡ 91% nemenda finnst aðstaðan í frímínútum frekar góð eða góð.
- ➡ 86% nemenda finnst að þeir fái oft eða frekar oft tækifæri til þess að koma sínum sjónarmiðum á framfæri.
- ➡ 94% nemenda segjast þekkja skólareglurnar.
- ➡ 91% nemenda er sátt við bekkjarsáttmála sinn.
- ➡ 96% nemenda finnst gott eða frekar gott að fara í ART tíma en aðeins 51% nemenda telur að það sem þeir læri í ART nýtist þeim í daglegu lífi. Nemendur virðast ekki ná að yfirfæra lexíurnar.

Dæmi um neikvæðar niðurstöður og tillögur að leiðum til úrbóta

- 19% segja nemendur skólans koma illa eða frekar illa fram við hvern við annan. Helstu athugasemdir voru að notuð væru ljót nöfn og orðbragð, stundum væri verið að gera grín sem væri ekki illa meint en myndi samt særa viðkomandi. ART verkefnið eru þau verkfæri sem við höfum til að vinna með þennan þátt sem og tekið fyrir í tímum í lífsleikni. Verið er að innleiða ART í skólanum og því þyrfti að hafa verkefnastjórn um innleiðinguna sem sér um eftirfylgd og heldur utan um ferlið.
- 18% nemenda segja að þeim líði frekar illa/illa í búningsklefanum í íþróttum. Þetta þarf að skoða nánar og finna leiðir til úrbóta.
- 36% nemenda myndu vilja sá meiri lestrarþjálfun í skólanum. Skoða mætti hvort boðið yrði upp á hraðlestrarnámskeið tengt vali á elsta stigi þannig að sem flestir nái þeim lestrarviðmiðum sem æskileg eru fyrir framhaldsskóla.
- 64% nemenda segja að það sé frekar sjaldan/aldrei vinnufriður í kennslustundum. Þetta hlutfall nemenda hefur lækkað lítillega milli ára en engu að síður óásættanlegt. Vísað til frekari úrvinnslu í úrbótaáætlun,.
- 31% nemenda finnst þeim frekar sjaldan/sjaldan hrósað í Hvolsskóla. Þessi þáttur kom einnig slakur út í fyrra en hefur þó heldur lagast. Tekið fyrir á uppgjörsdögum vor 2014 og rætt um hvernig hægt er að hrósa á mismunandi vegu. Oft er þó sem nemendur taki ekki til sín persónulega þegar öllum hópnum er hrósað. Halda áfram þessari vinnu.
- 27% nemenda vinna heimaverkefni sín frekar sjaldan eða aldrei. Helstu athugasemdir sem fylgdu þessari spurningu tengjast því að nemendur klári áætlanir á skólatíma og þurfi því ekki að sinna henni heima. Þetta hlutfall er þó töluvert hátt

og mikilvægt að vera vakandi fyrir því að heimanámið sé í takt við námslega getu nemenda og að nemendur verði meðvitaðri um ábyrgð sína í eigin námi. Vinna að þessu í samstarfi milli heimila og skólans.

- 41% nemenda líkar matur mötuneytis illa eða frekar illa. Sem er hækkun um 7% á milli ára. Þar koma fram athugasemdir á borð við að stundum sé ekki nægur matur fyrir alla, maturinn sé illa gerður og ógirnilegur og ýmislegt fleira. Sett í úrbótaáætlun.

Einelti er ekki liðið í Hvolsskóla og gilda önnur viðmið þar um en yfir aðra þætti skólastarfsins og eru niðurstöður þar að lútandi í eðli sínu bæði jákvæðar og neikvæðar. Þær spurningar sem taka yfir eineltismál eru dregnar út í sérstaka samantekt.

Dæmi um niðurstöður

- 100% nemenda segjast aldrei/frekar sjaldan hafa orðið fyrir einelti í Hvolsskóla í vetur. Í fyrra voru það 3% nemenda sem sögðust hafa orðið fyrir einelti í skólanum.
- ❖ 89% telja að skólafélögum sínum sé frekar sjaldan/sjaldan strítt í Hvolsskóla.
 - Samhliða reiknast þá að 11% telja að skólafélögum sé frekar oft/oft strítt í Hvolsskóla. Yfirleitt segjast viðkomandi reyna að hjálpa þeim sem verður fyrir eineltinu og/eða láta kennara vita.
- ❖ 99% nemenda segjast ekki taka þátt í að leggja aðra skólafélaga í einelti.
 - Samhliða taka 1% nemenda þátt í að leggja skólafélaga í einelti. Þetta er lægra hlutfall en hjá þeim sem taka þátt í að meiða skólafélaga (sjá hér að neðan) og segir það að einelti sé oftár á munnlegum nótum en líkamlegum.
- ❖ 96% nemenda segjast aldrei taka þátt í að meiða skólafélaga.
 - Samhliða taka 4% nemenda þátt í að meiða skólafélaga.

Síðastliðin þrjú ár hefur verið gert átak í vinnu gegn einelti í skólanum. Stofnað var eineltisteymi vorið 2013 sem hafði umsjón með endurskoðun eineltisáætlunar skólans og fundar teymið reglulega yfir veturinn. Eineltisteymið starfar eftir ákveðnum verkferlum og hefur verið kennurum og starfsfólki innan handar varðandi eineltismál. Umræður hafa verið um málefnið á starfsmannafundum og unnið var sérstaklega í bekkjum m.a. á Degi eineltis. Halda þarf þessu starfi áfram og hafa í umræðunni hvernig staðið er að meðferð eineltismála þannig að allir viti hvernig á að bera sig að við að tilkynna einelti eða bara þó að um grun um

einelti sé að ræða því skilyrðislaust þarf að tilkynna slíkt með skriflegum hætti á þar til gerðu eyðublaði svo hægt sé að skoða málið umsvifalaust. Eyðublaðinu skal skila til skólastjóra sem kemur því áfram til meðferðar hjá eineltisteymi.

Að lokum voru nemendur spurðir hvort það væri eitthvað sem þeir vildu breyta í skólanum og hvað þurfi til þess að þeim líði vel. Helstu athugasemdir voru:

- ❖ Betri tölvur og internet tengingu. Námsfni sé mikið í tölvum en skólinn bjóði ekki upp á almennilegan tölvukost.
- ❖ Námsvænna vinnuumhverfi. Talað um vöntun á betri vinnufrið þar sem ekki sé lokað á milli skólastofa. Góða og sanngjarna kennara sem sýna nemendum virðingu.
- ❖ Betri matur var nefndur.
- ❖ Að nemendur komi vel fram við hvern við annan svo öllum líði vel í skólanum.

1.2. Mat nemenda á aðbúnaði og líðan í skólanum. 2. og 4. bekkur

Matstæki: Einföld könnun var lögð fyrir á pappíriformi í janúar 2015. 42 nemendur af 42 svöruðu eða 100%.

Viðmið: Að sem flestum líði vel í skólanum. Ásættanlegt að yfir 80% niðurstaðna séu jákvæðar, þó ekki spurningar er varða stríðni sem er ekki liðin í Hvolsskóla.

Niðurstöður og leiðir til úrbóta. Niðurstöður sýndu að flestum líður vel eða nokkuð vel í skólanum.

Dæmi um jákvæðar niðurstöður

- ➔ 89% nemenda líður vel/ágætlega í skólanum
- ➔ 100% nemenda líður vel/ágætlega í bekknum sínum og í frímínútum
- ➔ 86% nemenda líður vel/ágætlega þegar þau fara í skólann. Þó svo að viðmiðum sé náð þá eru það engu að síður 14% nemenda sem líður ekki vel þegar þau fara í skólann. Skoða þennan lið nánar.
- ➔ Allir eiga vini í bekknum sínum
- ➔ 81% nemenda segja að það sé vinnufriður í bekknum sínum. Þó svo viðmiðum sé náð er þessi þáttur í úrbótaáætlun og verður unnið frekar með á næsta ári.
- ➔ 98% nemenda finnst kennararnir koma vel fram við sig.
- ➔ 100% nemenda finnst rétt að hlýða kennurunum.
- ➔ 81% nemenda líkar maturinn vel/ágætlega. Þó svo viðmiðum sé náð er þessi þáttur í úrbótaáætlun og verður unnið frekar með á næsta ári.

- 100% nemenda líður vel/ágætlega í íþróttum og sundi
- 86% nemenda líður vel/ágætlega í búningsklefanum í íþróttahúsinu. Þó svo að viðmiðum sé náð þá eru það eingu að síður 14% nemenda sem líður ekki vel í búningsklefanum í íþróttahúsinu. Skoða þennan lið nánar.
- 100 % nemenda líður vel/ágætlega í smiðjum
- 100 % þeirra nemenda sem eru í skólabílum líður vel/ágætlega
- 92 % nemenda líður vel/ágætlega í Skjólí

Dæmi um neikvæðar niðurstöður og tillögur að leiðum til úrbóta

- 41% nemenda segjast verða fyrir stríðni í skólanum.
Hlutfall þeirra nemenda sem segjast taka þátt í að stríða félögum sínum lækkar milli ára, fer úr 13% niður í 7% en engu að síður þarf að vinna þetta áfram í bekkjunum eins og gert hefur verið.
- 14% nemenda sem líður ekki vel þegar þau fara í skólann. Skoða þarf þennan lið nánar og spyrja nánar um í nemendakönnun á næsta ári.
- 19% nemenda telur að ekki sé vinnufriður í bekknum og 67 % nemenda telur að það sé stundum vinnufriður. Þessar tölur hafa heldur lækkað frá því síðast en þó þarf enn að vera vakandi fyrir þeim þáttum sem orsaka hávaða og truflanir á vinnusvæðinu. Þessi þáttur er í úrbótaáætlun.
- 22% nemenda telur að það sé hávaði í bekknum sínum og 57% telja að það sé stundum hávaði í bekknum. Þessar niðurstöður haldast í hendur við vinnufriðinn en tekur þó kannski meira til truflana frá börnunum sjálfum og hafa tölurnar heldur hækkað frá því síðast. Bundnar eru vonir við að Uppeldi til ábyrgðar og ART verkefnið muni hjálpa til við að bæta þessar niðurstöður til lengri tíma. Þessi þáttur er í úrbótaáætlun.
- 78% nemenda líður vel/ágætlega í matsalnum og þarf að skoða þennan þátt betur með tilliti til hljóðvistar og hvernig raðað er í sæti.
- 14% nemenda sem líður ekki vel í búningsklefanum í íþróttahúsinu. Skoða þennan lið nánar og spyrja nánar út í orsakir í nemendakönnun á næsta ári.

1.3. Mat foreldra í 1., 3., 5., 7. og 9. bekk á líðan barna sinna

Könnun var lögð fyrir foreldra á foreldradegi í skólanum 8. janúar 2015 og var svörunin 61%. Stuðningsfulltrúar sáu til þess á sjálfan foreldradaginn að minna foreldra og forráðamenn á mikilvægi könnunarinnar.

Matstæki: Rafrænn spurningalisti sem sjálfsmatshópur samdi.

Viðmið: Ásættanlegt að yfir 80% niðurstaðna séu jákvæðar, þó ekki spurningar er varða stríðni eða einelti sem er ekki liðin í Hvolsskóla.

Niðurstöður og leiðir til úrbóta. Fyrri hluti niðurstaðna sýnir jákvæðar niðurstöður en seinni hlutinn neikvæðar niðurstöður og leiðir til úrbóta.

Dæmi um jákvæðar niðurstöður

- ➔ 91% foreldra svara að barninu þeirra líði vel/frekar vel í skólanum.
- ➔ 95% telja Hvolsskóla hvetja nemendur til að skila góðum námsárangri alltaf/oftast.
- ➔ 94% foreldra taka alltaf/oftast virkan þátt í námi barnsins.
- ➔ 94% foreldra hafa alltaf/oftast yfirsýn yfir nám barnsins síns.
- ➔ 94% foreldra telja umsjónakennarann hafa góða/frekar góða yfirsýn yfir þarfir barnsins.
- ➔ 99% foreldra finnst þeir alltaf/oftast velkomnir í Hvolsskóla.
- ➔ 99% foreldra segja að samstarf sitt við skólann í tengslum við nám barnsins gangi vel/frekar vel.
- ➔ 99% foreldra telja kennara Hvolsskóla leggja alltaf/oftast metnað sinn í góða kennslu.
- ➔ 100% foreldra treysta starfsmönnum Hvolsskóla vel/frekar vel.
- ➔ 84% telja Hvolsskóla alltaf/oftast geta ráðið fram úr eineltismálum.
- ➔ 99% foreldra eru sammála/frekar sammála að starfsmenn skólan komi fram við barnið þeirra af virðingu.
- ➔ 97% foreldra eru sammála/frekar sammála um að Hvolsskóli njóti virðingar í samfélaginu.
- ➔ 96% foreldra eru sammála/frekar sammála að barnið þeirra fái hvatningu í Hvolsskóla.
- ➔ 85% foreldra líkar vel/frekar vel við styttingu skólaársins í 170 daga úr 180 dögum.

Dæmi um neikvæðar niðurstöður og tillögur að leiðum til úrbóta

- 13% foreldra vita ekki hvort barn þeirra leggi aðra í einelti
- 28% foreldra telja að það sé sjaldan vinnufriður í bekk barnsins. Sjá úrbótaáætlun.
- 61% foreldra hafa kynnt sér aðgerðaráætlun Hvolsskóla gegn einelti vel/frekar vel.

Hvetja þarf foreldra til að skoða heimasíðuna og kynna sér aðgerðaráætlunina. Nauðsynlegt er fyrir alla að vita hvernig bregðast skuli við þegar grunur um einelti kemur upp og nauðsynlegt er að umsjónarkennarar ræði þessi mál við foreldra í viðtölum.

- 31% foreldra barna sem nýta sé mötuneyti skólans eru ekki ánægðir með mötuneyti Hvolsskóla. Sjá úrbótaáætlun.

Hvað vilt þú að einkenni skólastarf í sveitarfélaginu í framtíðinni

- ❖ Samheldni, metnaður og virðing.
- ❖ Virðing og umhyggja fyrir nemendum, gleði í námi og kennslu með skapandi kennsluaðferðum.
- ❖ Að einstaklingur fái notið sín í starfi og námi.
- ❖ Gæði virðing og jákvæðni.
- ❖ Samstarf foreldra og skóla.
- ❖ Metnaður sem fylgir þróun samfélags og framtíðar án þess þó að fara á mis við gömul gildi um mannleg samskipti og leik.
- ❖ Framsækið og skemmtilegt skólastarf.

Hvaða úrbætur eða breytingar vilt þú sjá í skólastarfi í sveitarfélaginu

- ❖ Loka þessu opna rými.
- ❖ Eitthvað sé gert í húsnæðismálum svo hægt sé að vinna með minni hópa.
- ❖ Móðurmálskennslu fyrir tvítýngd börn.
- ❖ Stærri skóla og betra kennslurými.

1.4. Starfsmannakönnun, líðan, starfsaðstaða, samstarf o.fl.

Matstæki: Rafræn könnun lögð fyrir á starfsdegi 2. febrúar 2015. 38 af 55 starfsmönnum skólans svöruðu könnuninni eða 69 % starfsmanna.

Viðmið: Ásættanlegt að yfir 80% niðurstaðna séu jákvæðar.

Niðurstöður og leiðir til úrbóta: Fyrri hluti niðurstaðna sýnir jákvæðar niðurstöður en seinni hlutinn neikvæðar niðurstöður og leiðir til úrbóta.

Dæmi um jákvæðar niðurstöður

- ➡ 92% starfsmanna hlakkar til að mæta í vinnuna á morgnanna.

- ➡ 85% starfsmanna svara að starfsandinn sé góður/frekar góður, þetta hlutfall lækkar úr 92,5%.
- ➡ 83% finnst vinnuaðstaðan vera góð/frekar góð.
- ➡ 97% eiga gott/frekar gott samstarf við skólastjórnendur.
- ➡ 91% finnst skólanum vel/frekar vel stjórnað.
- ➡ 89% finnst upplýsingaflæðið gott/frekar gott.
- ➡ 100% eiga gott/frekar gott samstarf við vinnufélagana.
- ➡ 96% gengur vel/frekar vel að halda uppi aga.
- ➡ 85% telja að vel/frekar vel sé tekið á agamálum í skólanum.
- ➡ 94% finnst að vel/frekar vel að agamál sem lenda inni á borði stjórnenda sé fylgt eftir.
- ➡ 94% telja Hvolsskóla njóta alltaf/oftast virðingar í samfélaginu.
- ➡ 85% líkar vel/frekar vel við styttingu skólaársins í 170 úr 180.

Dæmi um neikvæðar niðurstöður og tillögur að leiðum til úrbóta

- 33% telja að vinnuálagið sé mikið/of mikið.
Álag mikið vegna barna með sérþarfir og vegna þess að það eru margar upptakomur á stuttum tíma. Einnig var nefnt samskiptaleysi milli samstarfsmanna bekkja. Skoða þarf þennan þátt nánar og verður það gert í næstu starfsmannakönnun.
- 55% telja að vinnufriður í kennslustundum sé frekar slæmur/slæmur.
Hávaði berst á milli bekkjadeilda, opin rými geta virkað heftandi á kennslu. Það er ekki heppilegt að kynna breytingar sem eru svo orðin tóm. Sjá úrbótaáætlun.
- 27% hafa lítið kynnt sér aðgerðaráætlun Hvolsskóla gegn einelti.
Setja hlekk að aðgerðaráætluninni á forsíðu á heimasíðu skólans og kynna sérstaklega fyrir nýju starfsfólki. Vísað til skólastjóra.
- 23% starfsmanna hafa orðið vitni að einelti í vetur. Þetta er hátt hlutfall sem endurspeglast ekki í tilkynningum til eineltisteymis þannig að einhver brotalöm er þarna. Ábyrgð starfsmanna er mikil í þessum málum og þurfa undantekningalaust að tilkynna þegar grunur vaknar um einelti. Vísað til skólastjórnenda og eineltisteymis.
- 54% þeirra sem hefur grunað að nemandi sé lagður einelti svarar því að þeir hafi tilkynnt það með formlegum hætti. Þetta stemmir engan veginn við þær tilkynningar sem eineltisteymið hefur fengið í vetur. Það er engan veginn nægilegt að viðra skoðanir við aðra starfsmenn. Það þarf undantekningalaust að tilkynna málið skriflega. Vísað til skólastjórnenda.

- 27% hafa ekki kynnt sér skólasóknarreglur skólans.
Minna á skólasóknarreglur sem eru á heimasíðu skólans og kynna fyrir nýju starfsfólki. Vísað til skólastjóra.
- 23% finnst sjaldan starfsmenn skólans vera að stefna að sama markmiði, „róa í sömu átt“. Vísað til skólastjórnenda. Sjá úrbótaáætlun.
- 48% finnst mötuneyti skólans frekar slæmt/slæmt. Sjá úrbótaáætlun.
Athugasemdum sem fram komu er vísað til skólastjórnenda.
- Spurt var hvað finnst þér um uppeldisstefnuna „Uppeldi til ábyrgðar“ Þeir sem svara eru 82% starfsmanna. Dæmi um svör starfsmanna:
 - ❖ Allt í lagi.
 - ❖ Virkar ekki.
 - ❖ Margt gott í henni.
 - ❖ Líst vel á hana.
 - ❖ Mér finnst stefnan góð sem slík en það gengur.

Svörin endurspeglar að það sé ákveðinn slappleiki í innleiðingu og verkefnastjórn. Ef það er vilji í skólanum að halda áfram með verkefnið þá þarf að styðja miklu betur við það. Vísað til UTÁ hópsins og skólastjórnenda.

Dæmi um hvernig starfsfólki nýtist „uppeldi til ábyrgðar“ í starfi. Aðeins 74% starfsmanna svara þessari spurningu:

- ❖ Mjög lítið.
- ❖ Ekkert betur en annað.
- ❖ Nokkuð vel. Það sem ég hef notað hefur gefist vel.
- ❖ Vel en ég þarf oft að rifja upp og halda mér við efnið.
- ❖ Þokkalega.
- ❖ Vel, bæði með nemendum og starfsfólki.
- ❖ Finnst ég þurfa meiri þjálfun og færni í notkun hennar.
- ❖ Ágætlega.
- ❖ Lítið en reyni að nota ekki orðið „ekki“..

Niðurstöðum vísað til UTÁ hópsins og skólastjórnenda.

Hvaða verkefni eða þættir í skólastarfinu sýna að við séum framsækinn skóli. 53% starfsmanna svara:

- ❖ Það er þegar skólinn tekur þátt í verkefnum og keppnum sem eru í boði.
- ❖ ART og UTÁ.
- ❖ Brúun milli skólastiga það er leikskóla og grunnskóla.
- ❖ Mælingar á Sólheimajökl.
- ❖ Grænfanaverkefnið.
- ❖ Íþróttir og féló.
- ❖ BEST þátttakan, Stóra upplestrarkeppnin, Skólahreysti og almenn þátttaka okkar í hinum ýmsu viðburðum.
- ❖ Vinnan við brúunina innanhúss á milli stiga.

Hvað þarf að gera til að við séum framsækinn skóli. Svörun 53%:

- ❖ Fylgjast með þróun í samfélaginu og horfa á gæðin en ekki magnið. Setjast niður og meta kosti og galla.
- ❖ Meiri metnað.
- ❖ Fylgjast vel með og tileinka okkur nýjungar eða hið eldra, ef jákvæðar rannsóknir liggja fyrir um skilvirkni.
- ❖ Innleiða spjaldtölvur meira sem kennslutæki.
- ❖ Þróa skólastarf áfram.
- ❖ Að vera samstíga í þeim verkefnum sem valin eru hverju sinni.
- ❖ Auka fjármagn til skólans og tæknimála.
- ❖ Bæta tæknimál til muna.
- ❖ Fylgjast með nýjungum leyfa og hvetja kennara /starfsfólk til að kynna sér það sem því þykir áhugavert. Færa fólk til ef hæfileikar nýtast betur á öðrum sviðum. Taka þátt í samkeppnum sem er meðal grunnskóla á Íslandi.

Hugmyndir frá starfsfólki hvernig hægt er að vinna með jákvæð samskipti, aðeins 50% svara:

- ❖ Brosa og vera jákvæð.
- ❖ Þjappa fólki saman, hafa öll stigin saman í kaffi minnst einu sinni í viku.
- ❖ Temja sér jákvætt viðhorf, hvað get ég gert betur.
- ❖ Hittingur utan skóla oft.
- ❖ Hafa óvænta uppákomu 2-3 á önn.
- ❖ Vera jákvæð og sýna öllum tillitssemi og virðingu hér innan skólans.

Það þarf að fá fyrirlesara eða hópeflisdag þar sem allir starfsmenn taka þátt, með það að markmiði að ná fram jákvæðum samskiptum og til að efla starfsmannahópinn sem eina heild. Vísað til stjórnenda.

Annað sem starfsfólk vildi koma á framfæri:

- ❖ Velti fyrir mér styttingu og hverju hún skilar. Mikil þreyta seinni hluta dags löngu dagana. Velti fyrir mér stuttum föstudegi og hvort betra væri að jafna út vikuna
- ❖ Greinakennarar þurfa að vinna betur saman áætlanir.
- ❖ Finnst þrátt fyrir forföll og e.t.v. álag nokkuð gaman í vinnunni.
- ❖ Mætti kynna eitt og annað betur fyrir nýjum starfsmönnum, UTÁ og fl.
- ❖ Skoða þriggja anna kerfi og vetrafrí.
- ❖ Verum jákvæð og góð hvert við annað.
- ❖ Hafa 180 daga skóla og hafa vetrafrí.

Unnið verður áfram með ábendingar þær sem komið hafa fram og er vísað til skólastjórnenda.

2. Samræmd könnunarpróf haustið 2014

Samræmd könnunarpróf voru lögð fyrir nemendur í 4., 7. og 10. bekk í september eins og í öðrum grunnskólum á landinu. Prófað var í íslensku og stærðfræði í 4. og 7. bekk en í íslensku, stærðfræði og ensku í 10. bekk.

Matstæki: Próf send frá Námsmatsstofnun.

Viðmið: Að árangur nemenda Hvolsskóla sé yfir meðaltali á Suðurlandi og nái helst meðaltali fyrir landið allt í öllum greinum.

Niðurstöður og leiðir til úrbóta: Mest er unnið með niðurstöður einstaklingslega. Skipulag kennslu í skólanum er vel til þess fallið þegar um er að ræða kennslu í fámennum hópum og með góða mönnun.

Hér á eftir verða sýndar meðaleinkunnir alls landsins, suðurlandskjördæmis og meðaltöl Hvolsskóla.

4. bekkur: Í ár eru 24 nemendur í fjórða bekk Hvolsskóla og af þeim tóku 23 íslenskuprófið eða

95,8%. Undanþágu höfðu 4,2% nemenda, þ.e. 1 nemandi og stuðning við próftöku höfðu 41,7% nemenda, þ.e. 10 nemendur.

24 tók stærðfræðiprófið eða 100%. Undanþágu höfðu 0% nemenda, þ.e. 0 nemandi og stuðning við próftöku höfðu 41,7% nemenda, þ.e. 10 nemendur líkt og í íslenskunni.

Landsmeðaltal í íslensku er 5,8 og í stærðfræði er það 6,2

Suðurkjördæmis meðaltal í íslensku var 5,8 og í stærðfræði 6,3.

- Meðaltal Hvolsskóla í íslensku er 5,48 Hvolsskóli náði ekki viðmiðum sínum í íslensku í samræmdum prófum í 4. bekk. Mikilvægt er að vinna áfram með einstaka þætti íslenskuprófsins til frekari framfara.
- Meðaltal Hvolsskóla í stærðfræði er 6,24 Hvolsskóli náði viðmiðum sínum í stærðfræði í landsmeðaltali og er rétt undir Suðurkjördæmis meðaltali og náði þar með viðmiðum sínum að hluta til í 4. bekk. Mikilvægt að vinna með einstaka þætti stærðfræðiprófsins til frekari framfara.

7. bekkur: Í ár eru 18 nemendur í sjöunda bekk Hvolsskóla og af þeim tóku 14 íslenskuprófið eða 77,8%. Undanþágu höfðu 4,2% nemenda, þ.e. 3 nemendur og fjarverandi voru 5,6% nemenda, þ.e. 1 nemandi. Stuðning við próftöku höfðu 27,8% nemenda, þ.e. 5 nemendur.

16 nemendur tóku stærðfræðiprófið eða 88,9%. Undanþágu höfðu 11,1% nemenda, þ.e. 2 nemendur, og fjarverandi voru 0% nemenda. Stuðning við próftöku höfðu 27,8% nemenda, þ.e. 5 nemendur.

Landsmeðaltal er 5,9 í íslensku og 6,6 í stærðfræði

Suðurkjördæmis meðaltal í íslensku var 5,7 og í stærðfræði 6,4.

- Meðaltal Hvolsskóla í íslensku var 6,21. Hvolsskóli náði þar með viðmiðum sínum í íslensku í samræmdum prófum í 7. bekk.
- Meðaltal Hvolsskóla í stærðfræði var 6,06. Hvolsskóli náði þar með ekki viðmiðum sínum í stærðfræði í samræmdum prófum í 7. bekk. Mikilvægt er að vinna áfram með einstaka þætti stærðfræðiprófsins til frekari framfara.

10. bekkur: Haustið 2013 voru niðurstöður í samræmdu prófi í stærðfræði 10. bekkjar settar fram með nýjum einkunnakvarða og nú haustið 2014 eru niðurstöður úr íslensku, stærðfræði og ensku settar fram með sama hætti. Gefnar eru því hæfniseinkunnir í bókstöfum, A, B, C, og D og að baki bókstöfunum standa

Lýsingar á hæfni nemanda í Aðalnámskrá og á vefsíðu Námsmatsstofnunar. Við gerð hæfniseinkunnar er stuðst við einfaldar lýsingar á hæfni nemanda sem eru við mörk þeirra hæfnisflokka sem Aðalnámskrá skilgreinir.

- A. Framúrskarandi hæfni og frammistaða í námi.
- B. Góð hæfni og frammistaða í námi.
- C. Sæmileg hæfni og frammistaða í námi.
- D. Hæfni og frammistaða í námi ábótavant.

Í ár eru 22 nemendur í tíunda bekk Hvolsskóla og af þeim tóku 19 íslenskuprófið eða 86,4%. Undanþágu höfðu 0% nemenda, þ.e. 0 nemendur og fjarverandi voru 13,6% nemenda, þ.e. 3 nemendur. Stuðning við próftöku höfðu 13,6% nemenda, þ.e. 3 nemendur.

20 nemendur tóku stærðfræðiprófið eða 90,9%. Undanþágu höfðu 9,1% nemenda, þ.e. 2 nemendur og fjarverandi voru 0% nemenda. Stuðning við próftöku höfðu 13,6% nemenda, þ.e. 3 nemendur.

20 tóku enskuprófið eða 90,9%. Undanþágu höfðu 9,1% nemenda, þ.e. 2 nemendur, og fjarverandi voru 0% nemenda. Stuðning við próftöku höfðu 13,6% nemenda, þ.e. 3 nemendur.

Hlutfall einkunna útgefið af Námsmatsstofnun fyrir árið 2014.

Hlutföll hæfniseinkunna í íslensku fyrir árið 2014 gerir ráð fyrir að A fái 7% nemenda, B fái 47%, C fái 33% og D fái 7%.

Hlutföll hæfniseinkunna í stærðfræði fyrir árið 2014 gerir ráð fyrir að A fái 7% nemenda, B fái 47%, C fái 30% og D fái 10%.

Hlutföll hæfniseinkunna í ensku fyrir árið 2014 gerir ráð fyrir að A fái 6% nemenda, B fái 56%, C fái 27% og D fái 7%.

Hæfniseinkunnir í **íslensku** fyrir landið voru að A fengu 7%, B fengu 49%, C fengu 33%, D fengu 7% og fjarverandi voru 5%.

Hæfniseinkunnir í **íslensku** fyrir Suðurkjördæmi voru að A fengu 5%, B fengu 40%, C fengu 37%, D fengu 11% og fjarverandi voru 7%

- ➔ Meðaltal Hvolsskóla í íslensku er að A fengu 9,1% nemenda, þ.e. 2 nem., B fengu 50% nem., þ.e. 11 nem., C fengu 27,3% þ.e. 6 nem., enginn fékk D.

Hvolsskóli er yfir landsmeðaltali og Suðurkjördæmismeðaltali í íslensku og nær því þeim viðmiðum sem sett eru.

Hæfniseinkunnir í stærðfræði fyrir landið voru að A fengu 7%, B fengu 47%, C fengu 30%, D fengu 10% og fjarverandi voru 6%.

Hæfniseinkunnir í stærðfræði fyrir Suðurkjördæmi voru að A fengu 4%, B fengu 40%, C fengu 33%, D fengu 16% og fjarverandi voru 7%

- ➔ Meðaltal Hvolsskóla í stærðfræði er að A fengu 13,6% nemenda, þ.e. 3 nem., B fengu 54,5% þ.e. 12 nem., C fengu 22,7% nem. þ.e. 5 nem. og enginn fékk D.

Hvolsskóli er yfir Landsmeðaltali og Suðurkjördæmismeðaltali í stærðfræði og nær því þeim viðmiðum sem sett eru.

Hæfniseinkunnir í ensku fyrir landið voru að A fengu 6%, B fengu 56%, C fengu 27%, D fengu 7% og fjarverandi voru 4%.

Hæfniseinkunnir í ensku fyrir Suðurkjördæmi voru að A fengu 3%, B fengu 49%, C fengu 30%, D fengu 11% og fjarverandi voru 7%.

- Meðaltal Hvolsskóla í ensku er að A fengu 0 % nemenda þ.e. 0 nem., B fengu 50% þ.e. 11 nem. C fengu 31,8% nem. þ.e. 7 nem. og D fengu 9,1% þ.e. 2 nem.

Í ensku eru nemendur Hvolsskóla nálægt meðaltalinu en þar munar að enginn nemandi fékk A og tveir nem. fengu D. Viðmið náðust ekki.

Niðurstöðurnar eru allgóðar að þessu sinni er þó unnið að því að viðhalda árangrinum og reynt að gera enn betur.

3. Skipulag kennslu á miðstigi

Tveir fundir voru haldnir með starfsfólki á miðstigi þar sem rýnt var í skipulag kennslu, aðstæður og aðra þætti sem varða stigið. Til grundvallar lá umræðurammi sem unninn var af sjálfsmatshópnum en formaður hópsins stjórnaði umræðum. Umræður og niðurstöður af fundunum voru ritaðar niður og dregnar saman í ákveðna þætti sem hér fylgja og er vísað til skólastjórnenda til frekari úrvinnslu.

Stundatafla

Starfsfólk taldi að nokkuð góð blöndun væri milli verklegra og bóklegra greina. Ekki væri gott að hafa íþróttir í síðasta tíma á föstudögum þar sem mikil pressa er á að komast í skólabíla og heim, betra væri að þeir tímar væru alltaf með umsjónarkennara. Fram kom að dæmi væru um stundatöflu þar sem fimm íslenskutímar væru á mánudögum en fram kom að það séu mjög fjölbreyttar aðferðir og efni sem unnið er í þeim tímum. Í fimmta bekk eru margir kennarar sem sjá um íslenskukennsluna og rætt var að í slíkum tilvikum er hætt við að samræming kennslunnar og yfirsýn með hverjum nemenda verður erfiðari. Bið getur orðið eftir nemendum í kennslustundir eftir íþróttir og inn úr seinni frímínútum. Ekki er um neina skipulagða tíma fyrir kennara til að samræma kennsluna en góð samvinna ríkir þó á stiginu og fólk samstíga.

Kennsluáætlanir

Kennsluáætlanir eru hafðar grófar því það eru sífelldar breytingar og upptakomur sem krefjast þess að kennsluáætlanir séu sveigjanlegar s.s. uppbot á skólastarfinu, vettvangsferðir, heimsóknir hjúkrunarfræðings og veikindi. Kennarar koma til móts við þá nemendur sem hafa slaka námslega getu og grípa inn í jafnóðum með því að aðlaga námsefnið, fækka dæmum og hafa getuskipta hópa. Námsmatið er haft fjölbreytt þar sem ekki eru gerðar sömu námskröfur til nemenda og yfirleitt eru kennarar að leggja fyrir tvær til þrjár útgáfur af prófum. Ýmist eru það umsjónarkennarar, sérkennarar eða stuðningsfulltrúar sem eru með þeim nemendum sem þurfa sérstakan stuðning og þurfa meiri aðstoð, þetta á sérstaklega við um nemendur með hegðunarörðugleika. Ekki hefur gengið sem skyldi að sinna þeim nemendum sem eru námslega sterkir eins og kennarar hefðu helst viljað gera, m.a. vegna þess að mikill tími fer í að sinna þeim nemendum sem eru með hegðunarerfiðleika. Áhugi er fyrir því að finna leiðir til að sinna þessum bráðgeru nemendum í námi. Ekki eru sérkennarar eða þroskaþjálfar með í áætlanagerð fyrir bekkinn en hins vegar koma þeir að aðlögun á námsefni fyrir einstaka nemendur og áætlanagerð þeirra vegna.

Námsver

Nýting á námsveri er ekki nógu góð og of sjaldan sem einhver er þar, oft vegna þess að viðkomandi er að leysa forföll. Umsjónarkennarar senda börn þangað inn en einnig biðja nemendur um það sjálfir til að fá frið til að læra. Aðrir sem nýta námsverið eru nemendur sem eru í sérkennslu og eru þar með sérkennurum. Draumastaða væri að fá aðstöðu til að geta

tekið nemendur út úr erfiðum aðstæðum í kennslustundum þegar nemandi hefur brotið af sér í hegðun.

Það þykir ekki neikvætt að fara í námsverið en setja þarf vinnu í námsveri í ákveðin ramma og hafa fasta kennara þar. Hugmynd kom fram um að sérkennarar væru með aðstöðu í námsveri og væru þ.a.l. alltaf til staðar.

Undirbúningur kennslunnar

Kennarar eru sammála um að það vanti alltaf tíma og svo eru oft afleysingar sem koma niður á undirbúningi. Ekki er hægt að treysta á undirbúningstíma því það eru svo mikil forföll. Skipulag fyrir hvern tíma er skýrt og kemur sér vel þegar verða forföll. Gott er þegar áætlanir/upplýsingar um kennslu hanga uppi og eru sýnilegar. Myndræna skipulagið er að virka vel fyrir nemendur sem vita að hverju þeir ganga. Unnið er í 40 mínútna lotum en yfirleitt er ekki um stöðvavinnu að ræða (hringekja). Kennslustundir eru brotnar upp með því að fljóta á milli efnispáttu.

Kennsluhættir

Reynt er að hafa fjölbreyttar kennsluaðferðir en ákveðinn mismunur er eftir fögum. Talað var um; útikennslu, hópavinnu, einstaklingsvinnu, paravinnu og fyrirlestra. Umræður urðu meðal kennara stigsins um að vera duglegri við að nýta lausar stofur til þess að skipta nemendum niður.

Námsmat

Símat er að aukast á stiginu í flest öllum fögum. Kaflapróf eru gerð og eru hluti af lokaeinkunn. Í mörgum smiðjum er bæði sjálfsmat hjá nemendum og mat kennara sem saman gefa lokaeinkunn. Kennarar telja að þetta fyrirkomulag sé námshvetjandi fyrir nemendur. Verið er að vinna að því að hanna nokkurs konar lokapróf í stærðfræði við lok 7. bekkjar þar sem tekið er mið af verkefnum í Talnalyklinum. Það mun gefa nokkuð góða mynd af stöðu nemenda þegar þau fara yfir á elsta stig og þyrfti að þróa þetta í fleiri fögum. Varðandi árangur í námi finnst kennurum vanta mikið upp á metnað meðal nemenda og að þeir taki ábyrgð á eigin námi.

Náms- og kennslugögn

Nettenging hefur verið með mjög slæmu móti í vetur og staðið bæði kennslu og undirbúningsvinnu fyrir þrífum. Gott væri að hafa skjávarpa/smarttöflu á stiginu, desibílamæli

í stofunum og ný landakort í sumar stofunnar. Endurnýja/fjölga þarf orðabókum, enskar og íslenskar og gott væri að fá nýlegar enskubækur á bókasafnið, en ánægja er með bókasafnið varðandi utanumhald með kennslugögnum.

Agastjórnun

Yfir heildina hefur vinnufriður verið miðlungsgóður í vetur en þyrfti að komast í betra horf. Þó svo að skólareglur séu sýnilegar á veggjum þá þarf alltaf starfsmaður að vera til staðar til að halda aganum og þau virðast þurfa þessa ytri stýringu. Afmörkuð verkefni virka vel og um leið og verkefni klárast eða eitthvað los kemur fer oft allt í vesen. Það vantar aga, sjálfstjórn og tillitssemi meðal nemenda og þeir virðast eiga erfitt með að hafa stjórn eða þurfa að velja. Í vetur hefur borið á ókurteisi og ruddaskap hjá nemendum bæði í garð annarra nemenda og einnig starfsfólks.

Samstarf við foreldra

Samstarf við foreldra er yfirleitt gott, samskipti jákvæð og vilji til að reyna. Það skilar sér þó ekki alltaf í árangri þar sem vantar metnað meðal nemenda og foreldra. Vantar stundum eftirfylgd heima fyrir með þeim áætlunum sem gerðar eru.

Kennslurými

Rýmið er nokkuð vel nýtt og álagið er mest á bekkjarstofunnar. Helst er hægt að bæta nýtingu á tungumálastofu og náttúrufræðistofu og þyrfti að skipuleggja það vel. Ávallt er þó reynt að nýta allar aukakennslustofur og dreifa hópum en það byggir þó á þeirri mönnun sem er til stöðar. Ánægja er með stærra vinnurými kennara.

Þróunarstarf

Aðeins þrír starfsmenn af stiginu eru búnir að fara á ART námskeið enn sem komið er en áhugi meðal starfsmanna er fyrir því að fara. Segja að ARTið sé að skila árangri, sérstaklega fyrir heildina en einstaka nemendur eru ekki að ná tókum á því. Merkja kennarar sérstakan mun meðal þeirra nemenda sem einnig eru í fjölskylduARTi. Kennurum finnst vanta í innleiðinguna að ART teymið komi innan mánaðar eftir námskeiðið og sitji í einn tíma með kennurum og gefi endurgjöf og ráðleggingar.

UTÁ er að nýtast mjög vel í starfi, sérstaklega tungumálið og hlutverkin. Bekkjarsáttmálar eru einnig að nýtast í agastjórnun. Spurning hvort sáttmálinn þurfi að vera meira áberandi inni í stofu þ.e. innihaldið/setningarnar og hlutverkin líka. Umræða varð um að athyglisvert væri

hvað starfsfólk í skólanum er tregt að innleiða UTÁ því það virðist vera að virka annars staðar en hjá okkur. Ef gefinn er góður tími í upphafi og innleiðingu þá sparar það tíma þegar upp er staðið í heildina og þurfa starfsmenn að vera samstíga í að taka þátt í þróunarstarfi sem verið er að innleiða.

Hvar liggja tækifærin?

Umræður urðu um hverjir styrkleikar stigsins væru og eins hvar tækifærin liggja. Mjög góður mórall er á stiginu og gott starfsfólk. Mikil samvinna án þess að það séu skipulagðir fundir. Gott utanumhald og ánægja með deildarstjórnann. Staðsetning stigsins er kostur þar sem það er í miðju skólans og glerbúrið nýtist til margra hluta og rýmin nýtast almennt nokkuð vel. Það sem helst má breytast og batna er; betri nýting á námsveri og stuðla að betri vinnufrið inni í stofum. Gefa foreldraviðtölum góðan tíma því það styrkir og leggur grunninn að samstarfinu. Það væri kannski mögulegt að skipuleggja viðtölin með einhverjum öðrum hætti, taka á lengri tíma, eftir skóla o.s.frv. Hafa þrjá foreldrafundi að vetrinum og þá væri betra að hafa síðasta fundinn í lok skólaársins því oft er gott að ljúka vetrinum með viðtali.

3. Samstarf leik- og grunnskóla

Rafræn könnun lögð fyrir í júní 2015. Slóð að könnuninni send til þeirra sem komu að samstarfinu.

Samstarf vetrarins einkenndist helst af sameiginlegum smiðjutímum þar sem leikskólabörnin komu í Hvolsskóla og tóku þátt í smiðjutímum með 1. bekk. Samstarfið þótti ganga vel en leggja hefði mátt meiri tíma í sameiginlegan undirbúning og hafa þarf í huga næsta vetur að gefa tíma fyrir slíkt. Kallað er eftir umræðu milli skólastigana um aðferðafræði hvors stigs fyrir sig, til að gefa kennurum gagnkvæma sýn í áherslur og innra starf. Skólafærninámskeiðin þykja góð og bæta upplýsingaflæði til foreldra mjög. Ábending kom fram um að gott væri fyrir væntanlegan kennara 1. bekkjar hverju sinni, að hafa aðgang að fésbókarsíðu elsta hóps í leikskólanum til að sjá hvað þau hafa fyrir stafni þar, ásamt því að koma í heimsókn í leikskólann 1-2 daga að vori. Einnig kom fram ábending um að 1. bekkur fari oftár í heimsókn í leikskólann og jafnvel væri hægt að nýta útikennslutímuna í frekara samstarf þar sem hægt væri að nýta umhverfi beggja skóla.

Komið er að því að taka þarf samstarfið skrefinu lengra og auka innsýn kennara af hvoru skólastigi fyrir sig með því að kynna þá hugmynda- og aðferðafræði sem unnið er eftir

og skiptast á hugmyndum varðandi kennsluna. Það myndi styrkja samstarfið verulega og gefa ákveðna möguleika varðandi skólaþróun almennt séð.

Ánægja var með fyrirkomulag og framkvæmd smiðjutímanna en breyting var þetta árið þar sem sameiginlegar smiðjur voru keyrðar einu sinni í stað tvisvar sinnum árinu áður. Kom þetta betur út þar sem minni tímapressa var á vorönninni fyrir bragðið og eins voru heimsóknirnar settar seinna að morgninum en áður var. Gerði það að verkum að minni pressa var á leikskólabörnin að komast tímanlega upp í skóla og eins gafst tækifæri til að leikskólabörnin voru í hádegismat í matsal skólans þessa sömu daga og fengu því góða aðlögun að því leyti. Gera þarf ráð fyrir leikskólabörnunum í matsal þessa daga. Aðstaðan fyrir smiðjutímuna í Hvolsskóla þykir frekar góð en sárlega vantar aðstöðu fyrir yfirhafnir leikskólabarnanna þegar þau koma í Hvolsskóla.

4. Uppgjörsg dagar að vori 2015

Á uppgjörsgdegi þann 26. maí var öllum starfsmönnum skipt niður í sex hópa, þ.e. tvo hópa á hverju stigi en á elsta stigi voru hóparnir sameinaðir vegna fámennis. Hóparnir fengu lista sem innihélt umræðupunkta og spurningar sem þeir gátu stuðst við þegar rýnt var í vetrarstarfið og eru niðurstöðurnar dregnar saman í eftirfarandi þætti.

Starfið í vetur

Kennurum þykir gott að geta verið með litla hópa á móti smiðjum því þeir tímar nýtast mjög vel þar sem verið er að vinna með hálfan bekkinn í einu. Ættum að leggja áherslu á að þeir tímar verði nýttir í lykilgreinar eins og stærðfræði og íslensku. Einnig var starfsfólk mjög ánægt með smiðjurnar og á miðstigi gekk ARTið mjög vel.

Í skólanum var nokkuð um forföll og kallað er eftir auknu stjórnunarhlutfalli á elsta stig. Umræða var um að þegar verið er að gefa eftir í námskröfum vegna ýmissa hluta þá þurfi að ígrunda vel hvenær það er gert og hvernig. Leggja þarf áherslu á hvernig samskiptum er háttað á netinu og rætt var um að þarft væri að minna alla aðila á góð og ábyrg samskipti. Seinni frímínútur á miðstigi eru of stuttar og gefa þyrfti nemendum val um hvort þeir fara út eða séu inni. Námsverið þarf að skipuleggja betur til að það nýtist sem skyldi.

Við stundatöflugerð þyrfti að hafa í huga að löngu dagarnir endi t.d. á ART eða íþróttum í stað bóklegra greina og endurskoða tímasetningar á ávaxtastundum með tilliti til matartíma og að ekki líði of langur tími að morgninum áður en nemendur fái ávexti. Ábendingar komu um að auka val á miðstigi.

Fram kom að umsjónarkennarar geti forfallast fyrirvaralaust og því verða þeir að haga sínu skipulagi þannig að afleysing geti tekið við boltanum þar sem frá var horfið. Vikulegir deildarfundir eru góðir og styðjandi og að allir séu virkir. Kallað er eftir fagstjórn í útikennslu, skýra þarf línur og taka til gagngerrar endurskoðunar og umræðu í skólanum.

Hvernig við getum aukið metnað í starfi hjá börnum og fullorðnum

Setja þarf ákveðinn þunga í foreldraviðtölin og reyna að höfða til ábyrgðar foreldra og nemenda sjálfra. Hægt væri að kalla foreldra inn til að koma og kíkja á prófin og jafnvel væri hægt að bæta einum foreldradegi við eða hafa prófsýningu eftir vorprófin. Æskilegt er að hafa fyrsta fund með foreldrum snemma að vetrinum, til að leggja áherslu fyrir námið. Nýta þriggja anna kerfið til að setja pressu á námsframvinduna. Setja starfsreglur um virkni og ábyrgð foreldra í námi barna sinna og setja upp kerfi varðandi þegar tilkynnt er um vanrækslu t.d. á heimanámi, mætingu á foreldrafundi og slíkt. Gera foreldrum grein fyrir því að þetta er tilkynningaskyld og því verði fylgt eftir.

Prófa að láta nemendur setja sér markmið sjálf í samvinnu við foreldra og kennara, vinna það áfram eftir þroska barna og byrja t.d. á yngsta stigi í að börnin setji sér markmið í lestri og kannski íslensku, á miðstigi setji nemendur sér markmið í íslensku og stærðfræði og á elsta stigi setji nemendur sér markmið í íslensku, stærðfræði, ensku og jafnvel einhverju m fleiri greinum. Hugmyndir komu fram um að bjóða uppá hraðlestur í vali á elsta stigi, kenna námstækni markvisst í skólanum og setja ákveðinn þunga í að sinna líka vel þeim sem lengra eru komnir.

Nýta þyrfti tækifærið í sambandi við Stóru upplestrarkeppnina og þjálfar allan bekkinn í framsögn í staðinn fyrir að beina kröftunum bara á lítinn hóp. Gefa þessu góðan tíma og halda þessu áfram á elsta stigi og leggja mikla áherslu á þennan þátt eins og kveðið er á um í nýrri Aðalnámskrá. Umræða um að skoða þurfi námsmatið heilt yfir í skólanum og hvernig er fylgst með því með nákvæmum hætti hvar nemendur standa. Einnig þyrfti að skoða hvar við erum stödd í innleiðingu á UTÁ og hvernig hægt er að nýta þau verkfæri sem þar eru gefin til að stöðva leiðinda umræðu og talsmáta t.d. á fótboltavellinum.

Félagsleg staða nemenda frá sjónarhóli kennara og starfsfólks

Kennarar verðavarir við að í öllum bekkjum séu einstaklingar sem eru ekki félagslega sterkir og byggja þarf upp sjálfstraust hjá. Kvíði spilar oft inni og mál geta orðið vandmeðfarin. Eins getur bekkjarskipan verið með þeim hætti að mjög sterkir og fyrirferðarmiklir einstaklingar

verða ráðandi innan bekkjarins og ef ekkert er að gert þá geta þeir haldið öllum bekknum í spennu. Slík staða er algerlega óviðunandi og taka þarf á slíkum málum eins fljótt og unnt er í samvinnu við foreldra og skólayfirvöld.

Tengslakannanir sem framkvæmdar er á haustin eru ekki nægilegur mælikvarði og það þyrfti að vera til gátlisti sem hægt er að fylla út þegar grunur vaknar um slaka stöðu hjá nemanda. Auka þarf markvissa sjálfstyrkingu meðal þeirra sem á þurfa að halda og vinna með félagslega færni í einstökum hópum alveg eins og þegar unnið er að ákveðnum námsmarkmiðum, þessi þáttur ætti trúlega heima í forvarnaráætlun. Gefa þarf þessu aukinn tíma í skólastarfinu og frekari úrvinnslu og stefnumótun í þessum málum vísað til skólastjórnenda.

Hvernig viðhalda á neistanum og þjappa hópnum betur saman

- ❖ Að kennarar fái og nýti sér frelsi til að vinna með sitt áhugasvið og við séum vakandi fyrir því og hvetjandi þegar samstarfsaðili prófar nýjar leiðir eða leggur í ný og áhugaverð verkefni og veitum honum hvatningu og stuðning.
- ❖ Að allir líti í eigin barm og við séum meðvituð um okkur sjálf í samskiptum og hvernig framkoma manns hefur áhrif á umhverfið og samskipti við náungann.
- ❖ Vera sveigjanleg með útfærslu á skipulagi kennslunnar og vera vakandi fyrir því að útfæra námsefnið skemmtilega bæði fyrir nemendur og mann sjálfan sem kennara.
- ❖ Að sækja sér endurmenntun og fá námskeið í skólann, gæta að því að sinna öllum greinum í því sambandi. Einnig væri sniðugt að vera með fundi þar sem sagt er frá því sem vel gengur í kennslu innan skólans og miðla okkar á milli.
- ❖ Leggja þarf áherslu á að byggja upp góðan starfsanda innan skólans á skólatíma, og gera eitthvað meira sem hristir hópinn saman, t.d. að nota tíma á skólatíma/fundartíma t.d. fyrir spil eða leiki eða skiptast á að koma með bakkelsi.

5. Úrbótaáætlun

Innra mat felst ekki einungis í að afla gagna heldur á matið að leiða til umbóta á skólastarfinu. Niðurstöðurnar þurfa því að liggja til grundvallar þegar umbætur eru skilgreindar og skipulagðar í umbótaáætlun. Í umbótaáætlun kemur fram hvaða þættir þarfnast umbóta, til hvaða aðgerða á að grípa, hverjir eru ábyrgir fyrir framkvæmdinni, hvenær hún kemst í framkvæmd og hvenær á að meta árangur.

Í þessari skýrslu koma fram niðurstöður gagnaöflunar skólaársins 2014-2015 og eru tíundaðar bæði jákvæðar og neikvæðar niðurstöður. Sum atriði verða tekin til nánari skoðunar innan hvers stigs og af þeim sem að málunum koma en svo eru ákveðnir þættir sem sjálfsmatshópurinn hefur dregið út og setur í sérstaka úrbótaáætlun.

Úrbætur unnar á skólaárinu 2014-2015

Vinnufriður

Áfram var haldið með að skoða húsnaði skólans með það að markmiði að minnka hávaða í kennslurýmum. Byggingafulltrúi hefur unnið að því að láta teikna upp breytingar að kennslurými á yngsta stigi með það fyrir augum að loka að hluta til kennslurýmum en sú vinna hefur legið niðri vegna annarra aðkallandi verkefna í sveitarfélaginu. Vinna þarf þetta áfram og er sú vinna í höndum skólastjóra og sveitarstjórnar.

Starfsánægja

Eins og fyrra ár hefur starfsmannafélagið verið nokkuð virkt og verið með leiki og litla viðburði sem brjóta upp hversdagsleikann og allir hafa gaman af. Halda þarf þessari vinnu áfram og festa í sessi.

Upplýsingaflæði

Skólastjórnendur hafa gert upplýsingaflæðið innan skólans skilvirkara, meiri upplýsingar eru sendar í tölvupósti til starfsmanna, heimasíða skólans er virkari og stofnuð hefur verið starfsmannasíða á fésbókinni sem og síður fyrir foreldra hvers árgangs og hefur verið ánægja með það. Einnig hefur viðburðardagatal verið virkjað enn frekar og sett upp á kaffistofu þar sem allir geta sett inn á.

Bekkjærstærðir

Unnið að því að stórir bekkir innan skólans séu í umsjón tveggja kennara og hópaskiptir. Í vetur var umsjónarkennurum fjölgað, bekkjum skipt og málin því í betri farvegi.

ART

S.l. haust fóru átta starfsmenn til viðbótar á ART námskeið og unnu verkefni því tengdu í vetur. Á vordögum eru ART kennararnir að vinna að skýrslum sem fylgja náminu og er innleiðingin á áætlun þar sem átta starfsmenn til viðbótar fara á ART námskeið í haust.

Eineltismál

Innleiðing nýrra verkferla vegna eineltismála gengur ágætlega og fólk er meðvitaðra um hvernig á málum er haldið og hafa kynnt sér aðgerðaráætlunina. Mikil ánægja ríkir með eineltisteymið og hvernig það sinnir sínu hlutverki og halda þarf áfram á sömu braut.

Sérkennsla/námsver

Búið er að gera grind að stefnumörkun í sérkennslumálum og haldinn var einn fundur því tengdu í vetur. Ný staða deildarstjóra sérkennslu var auglýst í vor og tekur viðkomandi til starfa næsta haust. Mun deildarstjóri sérkennslu hafa umsjón með að vinna þetta áfram í samvinnu við skólastjóra og sérkennara skólans og stefnt er að því að þeirri vinnu ljúki næsta haust. Námsverið fellur undir sérkennslulíðinn og verður á höndum deildarstjóra sérkennslu í samvinnu við skólastjóra og sérkennara skólans og stefnt er að því að þeirri vinnu ljúki næsta haust.

Mötuneyti

Haldnir voru fundir með kokk og matráð í september s.l. og niðurstöður kannana ræddar. Á vorönn var fundað með kokk, matráð og nemendum, nokkurs konar „mötuneytisráði“ þar sem ræddar voru breytingar á matseðli. Í kjölfarið var fiskidögum fækkað og þorskur tekinn út vegna þess að talsvert hafði borið á ornum. Óskir um að kokkurinn sé sýnilegri í skólanum hafa ekki gengið eftir og ganga þarf enn frekar eftir því. Halda þarf þessari vinnu áfram og hafa reglulega fundi.

Agamál – agastjórnun

Farið yfir gildandi reglur og vinnuferla á stigsfundum með starfsfólki. Vinna þarf áfram að því að nemendur tileinki sér sjálfsaga og vinna það í samvinnu við foreldra. Skerpa þarf þessar línur enn frekar.

Félagsfærni og tilfinningalegur vandi nemenda

Þessi mál hafa verið í umræðunni meðal starfsfólks og rætt hvernig hægt sé að finna þessa einstaklinga og bregðast við. ART og UTÁ eru ákveðin verkfæri en þó þarf að horfa á þessi mál í víðara samhengi. Vinna áfram innan skólans.

Viðhorf nemenda til náms

Þessi þáttur hefur aðallega verið unninn innan bekkja og þá verið að reyna að höfða til nemenda sjálfra. Halda þarf þessu starfi áfram og finna leiðir til að ná til nemenda og foreldra.

Upplýsingaflæði

Hugmyndir um að sérstakir hópar kynni starf sitt á starfsmannafundum hafa ekki gengið eftir, halda þessum tillögum inni til úrvinnslu á næsta ári.

Hvolsskóli – framsækinn skóli

Áætlun um að skerpa línur varðandi stefnumótun og gera skólastarfið sýnilegra í samfélaginu hefur gengið hægar en áætlað var og hefur þar mest haft áhrif að vinnu við skólastefnu sveitarfélagsins seinkaði mjög og var útgefin nú á vordögum. Einnig urðu breytingar varðandi stjórnun skólans þar sem fyrri skólastjóri var frá vegna veikinda og sagði upp starfi sínu á miðjum vetri. Þurfti því að brúa bilið og nú á vordögum var ráðinn nýr skólastjóri og í starfsmannaviðtölum komu fram hugmyndir sem stjórnendur vinna áfram með í samvinnu við starfsfólk á næsta skólaári.

Úrbótaáætlun 2015-2016

Vinnufriður

Vinna áfram að breytingum á skólahúsnæði með það að markmiði að minnka hávaða vegna ytri aðstæðna. Sú vinna er á höndum skólastjórnenda og sveitarstjórnar.

Einnig þarf að vinna að því að byggja upp sjálfsaga meðal nemenda og verður sú vinna á höndum kennara, foreldra og nemenda.

Starfsánægja

Vinna áfram að eflingu starfsandans og vinnugleði innan starfsmannahópsins, sú vinna er á ábyrgð allra starfsmanna með stuðningi frá stjórn starfsmannafélagsins.

ART

Halda áfram innleiðingu á ART samkvæmt áætlun. Lagt er til að sérstök verkefnastjórn verði skipuð til að halda utan um verkefnið og fylgi því vel eftir. Þegar verið er að innleiða nýjar stefnur í skólastarfið tekur það tíma og kallar á gott utanumhald. Eftirfylgd á höndum skólastjórnenda.

Eineltismál

Innleiðing nýrra verkferla samkvæmt aðgerðaráætlun er að festast í sessi, vinna markvisst áfram næsta vetur og sú vinna er á ábyrgð allra starfsmanna með stuðningi eineltisteymis og stjórnenda.

Sérkennsla - námsver

Ljúka stefnumörkun á sérkennslumálum og námsveri, umsjón á höndum deildarstjóra sérkennslu í samvinnu við skólastjóra og sérkennara skólans.

Mötuneyti

Niðurstöður flestra kannana sem lúta að mötuneyti skólans og lagðar voru fyrir þetta skólaárið voru á þann veg að verulega vantaði á að viðmiðum væri náð. Lagt er til að halda fundi fjórum sinnum á vetri með „mötuneytisráði“, þ.e. kokki, matráð og nemendum og gott væri að taka inn í ráðið fulltrúa starfsmanna. Á þeim fundum verði farið yfir matseðilinn og rætt hvað gekk vel og hvað gekk miður. Auka sýnileika og tengsl kokks við skólann. Umsjón á höndum skólastjórnenda í samvinnu við matráð.

Agamál – agastjórnun

Fara yfir gildandi reglur og vinnuferla með starfsfólki, sú vinna á höndum skólastjórnenda. Unnið með hegðun og framkomu innan bekkja með nemendum. Sú vinna verður á höndum kennara í samvinnu við foreldra, nemendur og stuðningsfulltrúa.

Félagsfærni og tilfinningalegur vandi nemenda

Viðhalda umræðu um vanda þessara nemenda og finna leiðir til að vinna með hann. Umsjón með þessari vinnu er á höndum bekkjarkennara í samvinnu við skólastjórnendur.

Viðhorf nemenda til náms

Finna markvisst leiðir til að ná til nemenda varðandi ábyrgð á námi sínu og til foreldra varðandi þeirra þátt og ábyrgð í námi barna sinna. Lagt er til að skoða sérstaklega hvort hægt sé að taka upp kennslu í námstækni á eldri stigum, umsjón í höndum umsjónarkennara í samvinnu við skólastjórnendur, nemendur og foreldra.

Upplýsingaflæði

Kynna markvisst starf nefnda og ráða innan skólans m.a. á starfsmannafundum. Umsjón á höndum skólastjóra.

Samstarf leik- og grunnskóla

Koma á sameiginlegum fundum milli kennara á báðum skólastigum, þar sem hugmynda- og aðferðafræði hvors stigs fyrir sig verður til umræðu og hægt verður að skiptast á hugmyndum varðandi inntak kennslunnar og skipulag á samvinnu milli skólastigana. Útbúa fatahengi fyrir heimsóknirnar og gera ráð fyrir börnunum í matsal þegar heimsóknir eru. Hefja undirbúning heimsókna tímanlega og athuga hvort hægt sé að setja ákveðinn ramma þar um. Vísað til skólastjóra til frekari úrvinnslu.

Hvolsskóli – framsækinn skóli

Vinna áfram með þær hugmyndir sem fram komu í starfsmannaviðtölum og nýta áherslur í skólastarfinu við stefnumótun. Vísað til skólastjóra til frekari úrvinnslu.

Að lokum

Öllum skólum er hollt að fara í ítarlega sjálfsskoðun á sínu innra starfi. Með þeim hætti er hægt að meta hvað gengur vel og hvað það er sem þarf að bæta því öll viljum við gera góðan skóla enn betri. Skýrsluhöfundar telja sig hafa farið nokkuð vítt og breytt um allt skólastarfið á skólaárinu 2014–2015, kannað það frá ýmsum sjónarhornum og lagt fram áætlun til úrbóta. Einnig var gerð áætlun í sjálfsmati fyrir næsta skólaár, þ.e. 2015–2016.

Sjálfsmatshópnunum telst til að flest allir þættir skólastarfsins séu metnir á eins til þriggja ára fresti, matið er kerfisbundið og samofið öllu skólastarfi. Matið byggir á upplýsingum sem eru fengnar hjá öllum þeim sem að skólastarfinu koma og er sett í farveg sem leiðir til umbóta í skólastarfinu.

Hvolsvelli í ágúst 2015

f.h. Sjálfsmatshóps Hvolsskóla

Svava Björk Helgadóttir, formaður.